



Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1991-1992

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-93-01



Úrkumumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1991 - 1992

Inngangur

Greint er frá mælingum í 5 safnmælum ("totalisatorum") á hálandinu á vatnasviði Tungnaár og einum í Krepputungu, sem Vatnamælingar Orkustofnunar annast um. Tímabilið sem hér um rædir er frá október 1991 til október 1992. Niðurstöður birtast í Ársyfirliti Veðrattunnar, útgefnu af Veðurstofu Íslands. Greinargerðin er rituð til þess að koma þessum athugunum á framfæri við Veðurstofuna.

Athuganir 1991 og 1992

Vísað er til tveggja bréfa Bjarna Kristinssonar, Orkustofnun, til Veðurstofunnar, dags. 1987-04-21 og 1987-09-07, greinargerðar Kristins Einarssonar 01/89, en þar er lýst athugunum í safnmælum 1986, 1987 og 1988, og greinargerða Odds Sigurðssonar (OSig-01/90 og OSig-01/92) um mælingar í safnmælum 1989 til 1991. Um mælinn í Krepputungu sér Ásgeir Gunnarsson á Egilsstöðum.

Í töflu 1 eru gefnar tölur um athuganir í safnmælum 1991-1992. „-ný staða“ gefur álestur að aflokinni tæmingu og enduráfyllingu með saltblöndu og olfsu.

Við umreikning á mældum cm í safnmæli yfir í mm úrkому er miðað við tölur í skilagrein Vatnamælinga nr. 164 „Snjómæling inni á hálandinu. Úrkumumælingar“, sem Sigurjón Rist ritaði síðla árs 1958. Þar er lýst kvörðun á safnmælinum í Jökulheimum, en hann mun vera sömu gerðar og aðrir safnmælar á hálandinu. Samkvæmt henni er hlutfallið milli þverskurðarflatarmáls söfnunarbelgs og mæliops $14,16 \pm 0,10$. Hver cm í safnmæli svarar þá til 141,6 mm úrkoma, og er sá fasti notaður hér á eftir í töflu 2, en þar er gefin úrkoma í safnmælum 1991 - 1992.

Skipt var um í safnmælunum í Jökulheimum og Ljósufjöllum 1. október 1992 og í mælunum í Kjaloldum, Veiðivatnahrauni og við Hald þann 2. október 1992. Í mælinum í Krepputungu var síðast skipt 12. september 1992.

Prjár mælingar úr safnmælinum á Bláfellshálsi fljóta hér með en annars sér Veðurstofan um mælingar þar og viðar.

Leiðréttung

Í síðustu greinargerð um safnmæla (OSig-01/92) er meinleg villa. Ekki var rétt reiknað út úr mælitölum í Jökulheimum. Þar á ársúrkoman að vera **906 mm** en ekki **595 mm**.

TAFLA 1. Athuganir í safnmælum 1991-1992

| Mælistaður | Staðsetning | Hæð m y.s. | Dags. | Álestur cm |
|-------------------------------|-----------------|------------|--|--|
| Bláfellsháls | 64°32'N 19°53'W | 550 | 1991-04-01 | -69,9 |
| Bláfellsháls | 64°32'N 19°53'W | 550 | 1991-04-27 | -69,6 |
| Bláfellsháls | 64°32'N 19°53'W | 550 | 1991-10-28 | -87,6 |
| Hald við Tungnaá -ný staða | 64°10'N 19°24'W | 290 | 1991-10-11 1991-10-11 1992-10-02 1992-10-02 | -83,6 -90,6 -83,9 -89,6 |
| Veiðivatnahraun -ný staða | 64°21'N 18°39'W | 605 | 1991-10-11 1991-10-11 1992-10-02 1992-10-02 | -80,7 -87,4 -81,1 -86,0 |
| Ljósufjöll -ný staða | 64°14'N 18°34'W | 645 | 1991-10-10 1991-10-10 1992-10-01 1992-10-01 | -79,0 -86,8 -79,6 -86,2 |
| Jökulheimar -ný staða | 64°18'N 18°15'W | 675 | 1991-10-10 1991-10-10 1992-10-01 1992-10-01 | -81,8 -89,8 -82,2 -87,6 |
| Kjalöldur -ný staða | 64°26'N 18°55'W | 590 | 1991-10-11 1990-10-04 1992-04-07 1992-10-02 1991-10-11 | -84,0 -89,4 -86,6 -83,9 -87,5 |
| Krepputunga -ný staða | 65°05'N 16°13'W | 550 | 1991-10-15 1992-03-06 1992-06-04 1992-07-29 1992-09-12 1992-09-12 | -89,0 -88,2 -87,7 -87,1 -86,0 -92,4 |

TAFLA 2. Úrkoma í safnmælum 1991-1992

| Mælistaður | Staðsetning | Hæð m y.s. | Tímabil | Úrkoma mm |
|------------------|-----------------|------------|-------------------------|-----------|
| Hald við Tungnaá | 64°10'N 19°24'W | 290 | 1991-10-11 - 1992-10-02 | 949 |
| Veiðivatnahraún | 64°21'N 18°39'W | 605 | 1991-10-11 - 1992-10-02 | 892 |
| Ljósufjöll | 64°14'N 18°34'W | 645 | 1991-10-10 - 1992-10-01 | 1020 |
| Jökulheimar | 64°18'N 18°15'W | 675 | 1991-10-10 - 1992-10-01 | 1076 |
| Kjalöldur | 64°26'N 18°55'W | 590 | 1991-10-10 - 1992-10-02 | 779 |
| Krepputunga | 65°05'N 16°13'W | 550 | 1991-10-15 - 1992-09-12 | 425 |